



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Tónlistarveisla við tímamót



## Fögnum vori í Hörpu!

Þegar Harpa opnar dyr sínar í maí hefst nýr kafli í sögu tónlistar á Íslandi. Landsmenn fá þá loksins notið tónlistar í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands við bestu aðstæður.

Í nýjum heimkynnum Sinfóníuhljómsveitarinnar verður fyrsta flokks aðstaða til æfinga- og tónleikahalds sem verður hljómsveitinni hvatning til að gera betur en nokkru sinni. Ekki er breytingin minni

fyrir tónleikagesti, sem fá að njóta tónlistar í sal sem er sérhannaður til að tryggja hlustendum sem bestan hljóm. Stórkostleg umgjörð Hörpu mun gera kvöldstund á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands enn ógleymanlegri.

Opnunartónleikar í Hörpu verða 4. og 5. maí undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Áður en stóra stundin rennur upp mun hljómsveitin starfa með hljóð

hönnuðum og öðrum sérfræðingum við að fínstilla hljómburðinn.

Tónlistarveislan heldur svo áfram og lögd er áhersla á fjölbreytt efnisval þannig að allir geti fundið tónleika við sitt hæfi. Síðgildar sinfóníur, óperuaríur og vinsælar dægurperlur eru á meðal þess sem í boði verður. Úrval innlendra og erlendra listamanna mun koma fram með hljómsveitinni til að fagna þessum merku tímamótum.

Við hvetjum alla til að tryggja sér miða sem fyrst á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) eða [www.harpa.is](http://www.harpa.is) því gera má ráð fyrir miklum áhuga á vordagskrá hljómsveitarinnar.

Við hlökkum til að sjá þig í Hörpu.

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Aðalhönnuðir Hörpunnar eru Teiknistofa Hennings Larsen og Batterið arkitektar. Hinn þekkti listamaður, Ólafur Elíasson, hannaði glerhjúpinn sem umlykur húsið í samvinnu við arkitektana. Hljóðhönnun var í höndum Artec.





# Óður til gleðinnar: Ashkenazy og Víkingur Heiðar

## OPNUNARTÓNLEIKAR Í HÖRPU

Mið. 04.05.11 » 20:00  
Fim. 05.05.11 » 20:00

### • Þorkell Sigurbjörnsson:

*Velkomin Harpa (frumflutningur)*

### • Edvard Grieg: Píanókoncert

### • Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9

**Vladimir Ashkenazy** hljómsveitarstjóri  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari  
**Christiane Oelze, Sesselja Kristjánsdóttir, Kolbeinn Jón Ketilsson, Bjarni Thor Kristinsson** einsöngvarar  
**Óperukórinn í Reykjavík, Hljómeyki, Kór Áskirkju**  
**Magnús Ragnarsson, Garðar Cortes** kórstjórar

Draumur íslenskra tónlistarunnenda um nýjan tónleikasal fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands er í þann veginn að rætast. Það eykur enn á eftirvæntinguna að hér munu tvö óskabörn íslensku þjóðarinnar mætast í fyrsta sinn á tónleikapalli: Víkingur Heiðar og Vladimir Ashkenazy.

Efnisskráin er glæsileg og fjölbreytt; hljómsveitin býður Hörpu velkomna í nýju verki Þorkells Sigurbjörnssonar, og Víkingur Heiðar leikur einn dádasta píanókoncert allra tíma. Edvard Grieg tókst á stórkostlegan hátt að blanda saman klassískum tónlistarformum, rómantísku virtúósaspili og norskum þjóðlagaarfi. Við frumflutninginn í Kaupmannahöfn brutust út fagnaðarlæti í miðju verki, og þegar Franz Liszt hafði lesið konsertinn af blaði árið 1870 hvatti hann höfundinn unga til

frekari dáða: „Haltu áfram að semja, í Guðs bænum! Þú hefur það sem til þarf!“

Tónleikunum lýkur á 9. sinfóníu Beethovens undir stjórn Ashkenazys, sem er einn fremsti Beethoven-túlkandi vorra tíma og hefur m.a. hlotið fjölda verðlauna fyrir hljóðritanir sínar á píanósónötum og –konsertum meistarans. Einvalalið einsöngvara og kóra tekur einnig þátt í flutningnum.

Páll Ísólffsson komst þannig að orði í grein sinni um Beethoven frá árinu 1938: „Gleði og bræðralagi hefur aldrei verið sungið eins fagurlega lof og í 9. hljómkviðunni. Þess vegna er hún svo oft leikin við ýmis tímamót viðsvegar um heim. Því hvort heldur hún er leikin í Þýskalandi, Frakklandi, Englandi, Rússlandi: alls staðar

snerta þessir tónar mannleg hjörtu, og fylla þau fögnuði vonarinnar um bætt kjör og betri örlög manna.“ Gera má ráð fyrir að margir taki undir í hjarta sínu þegar Óðurinn til gleðinnar ómar um Hörpu á þessum merkisdegi í íslenskri menningarsögu.

Sætaframboð er takmarkað þar sem áskrifendur SÍ eiga sæti á þessa tónleika.

Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur einnig þátt í opunarhátíð Hörpu föstudaginn 13. maí, ásamt fjölda annarra tónlistarmanna í fremstu röð úr ýmsum geirum tónlistarinnar. Efnisskrá tónleikanna verður kynnt nánar síðar.

## Til hamingju með Hörpu!

Nú eru liðin nærri þrjátíu ár frá því að hljómsveitin Filharmónía hélt sérstaka tónleika í Royal Festival Hall í Lundúnum, til styrktar byggingu tónlistarhúss á Íslandi. Meðal gesta voru Karl Bretaprins og Díana prinsessa, auk Vigdísar Finnbogadóttur, þáverandi forseta Íslands. Það var mér mikill heiður að fá að stjórna þessum tónleikum, þar sem hin heimsfræga sænska sópransöngkona Elisabeth Söderström kom einnig fram.

Nú hefur draumurinn um tónlistarhús loksins ræst, þvert á allar hrakspár og þrátt fyrir alþjóðlega efnahagskreppu. Þetta má ekki síst þakka stórum hópi fólks sem unnið hefur að þessu marki af elju og forsjá, og má þar fyrst telja ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg. Tónlistarhús á Íslandi er orðið að veruleika, og mikilvægi þess verður ekki ofmetið.

Lengi lifi Harpa!

**Vladimir Ashkenazy**  
Heiðursstjórnandi Sinfóníunnar

„Fagra gleði, Guða logi,  
Gimlis dóttir, heill sé þér.“

Í þinn hásal, hrifnir eldi,  
heilög gyðja komum vér.“



## Sungið af hátindinum - Jonas Kaufmann á Listahátíð

### JONAS KAUFMANN Á LISTAHÁTÍÐ

Lau. 21.05.11 » 17:00

• **Ariur og forleikir úr Tosca eftir Puccini, Carmen eftir Bizet, Cavalleria Rusticana eftir Mascagni, Lohengrin eftir Wagner, o.fl.**

Jonas Kaufmann einsöngvari  
Peter Schrottner hljómsveitarstjóri

Þýski tenórinn Jonas Kaufmann er einn frægasti óperusöngvari samtímans og hefur hlotið einróma lof fyrir flutning sinn í öllum helstu óperuhúsum heims. Hann hefur sungið m.a. við Metropolitan-óperuna, Parísaróperuna, og við tónlistarhátíðirnar í Bayreuth og Salzburg. Nýverið hlaut hann mikið lof gagnrýnenda fyrir túlkun sína á Don José í Carmen og Cavaradossi í Tosca Puccinis í Covent Garden. Kaufmann er nú á hátindi ferils síns og er uppselt á tónleika hans og óperuuppfærslur með löngum fyrirvara. Hann hefur auk þess sungið inn á fjölda hljómdiska með óperuaríum og ljóðasöng, sem hafa verið tilnefndir til Gramophone- og BBC-tónlistarverðlaunanna.

Rétt fyrir komu Kaufmanns á Listahátíð í vor kemur hann fram ásamt stjórnuði stórsöngvara í Metropolitan-óperunni, í uppfærslu Roberts Lepage á öðrum hluta Niflungahnings Wagners, Valkyrjunum. Þar syngur hann meðal annars með gestum sem Íslendingum eru að góðu kunnir: Bryn Terfel og Deborah Voigt, undir stjórn James Levine. Þetta er einstakt tækifæri til að sjá einn fremsta tenórsöngvara samtímans á hátindi ferils síns.

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu Listahátíðar í Reykjavík, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hörpu.



## Stórbrotinn Mahler með Camillu Tilling

### MAHLER-VEISLA

Lau. 28.05.11 » 17:00

• **Gustav Mahler: Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn**  
• **Gustav Mahler: Sinfónía nr. 4**

Camilla Tilling einsöngvari  
Markus Poschner hljómsveitarstjóri

„Ímyndaðu þér að allur alheimurinn byrji að óma,“ sagði Mahler eitt sinn þegar hann reyndi að skýra inntak tónlistar sinnar. Tónverk hans eru flest stórbrotin og segja magnaðar sögur, en fjórða sinfónían er einstök í sinni röð. Hún er um margt hans aðgengilegasta, samin í fremur klassískum stíl. Hér eins og í öðrum sinfóníum Mahlers skín í gegn ást hans á náttúrunni, rík kímni-gáfa, einstakir frásagnarhæfileikar og hrífandi, barnsleg einlægni. Lokabátturinn er saminn við þýskt þjóðkvæði, „Himnaríkislífið,“ sem lýsir töfrandi sýn barns á himnaríki.

Sænska sópransöngkonan Camilla Tilling er ein skærasta söngstjarna Norðurlanda um þessar mundir. Hún syngur reglulega við Metropolitan-óperuna í New York, Covent Garden í Lundúnum og hefur bæði sungið í Carnegie Hall og Berlínarfílharmoníunni. Hún hefur hlotið sérstakt lof fyrir túlkun sína á fjórðu sinfóníu Mahlers, enda hentar silkimjúk og björt rödd hennar lokabættinum fullkomlega. Það er sannarlega ekki að ástæðulausu að Valerij Gergíjev valdi hana til að syngja einsöngshlutverkið á Mahler-tónleikum sínum á Proms-hátíðinni í Lundúnum sumarið 2010 þar sem hún hlaut frábærar viðtökur.



## Sigríður og Sigurður syngja uppáhaldslögin

### ÉG VEIT ÞÚ KEMUR

Mið. 01.06.11 » 20:00

**Sigríður Thorlacius** söngvari  
**Sigurður Guðmundsson** söngvari  
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

Tveir af flottustu dægurlagasöngvurum þjóðarinnar, Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson, taka höndum saman með Sinfóníuhljómsveitinni og flytja vinsælar söngperlur frá 6. og 7. áratugnum í nýjum útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar.

Sigríður Thorlacius hefur áður sungið með Sinfóníunni við frábærar undirtektir ásamt hljómsveitinni Hjaltalín, en Sigurður Guðmundsson, oft kenndur við Hjalma eða Memfismafiuna, kemur nú í fyrsta sinn fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni.

Á þessari hugljúfu og skemmtilegu efnisskrá er m.a. að finna lög eftir Jón Múla Árnason, Oddgeir Kristjánsson, Luis Bonfa, Burt Bacharach og Jacques Brel sem hafa verið flutt af söngvurum á borð við Ellý Vilhjálms, Hauk Morthens, Ragnar Bjarnason, Dionne Warwick, Dusty Springfield, Ninu Simone, Astrud Gilberto, Frank Sinatra og Edith Piaf.

Ekki missa af þessum frábæru söngvurum syngja uppáhaldslögin sín með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu.



## Glamúr, gleði og allir gordjösss!

### PÁLL ÓSKAR OG SINFÓ

Fim. 09.06.11 » 20:00  
Fös. 10.06.11 » 20:00  
Lau. 11.06.11 » 20:00

**Páll Óskar Hjálmtýsson** söngvari  
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

Það er óhætt að segja að Páll Óskar hafi tekið áheyrendur með trompi á tónleikum sínum með Sinfóníunni síðastliðið haust. Miðar á ferna tónleika í Háskólabíói seldust upp á svipstundu og þurftu margir frá að hverfa, en þeir sem komust að voru á einu máli um að önnur eins gleði- og glæsisýning hefði sjaldan sést eða heyrst hér á landi. Bæði söngur Páls Óskars og litskrúðugir búningarnir vöktu verðskuldaða athygli. Færustu útsetjarar landsins hafa fært diskóslagarana í sinfónískan búning og hér lítur Páll Óskar yfir ferilinn eins og honum einum er lagið.


Nú endurtaka Páll og Sinfóníuhljómsveitin leikinn í Hörpu, og er viðbúið að eftirspurn eftir miðum verði síst minni nú en í fyrrihaust.

Á efnisskrána hefur Páll Óskar valið vinsælustu lög sín gegnum árin og víst er að enginn verður svikinn, hvorki af flutningnum né glamúrnum sem ávallt fylgir söngvaranum. Á lagalistaðnum eru smellir á borð við Allt fyrir ástina, Þú komst við hjartað í mér, International, Ég er eins og ég er, og fjölmargir fleiri.

„Og þegar þú komst inn í líf mitt breyttist ég,  
þú komst við hjartað í mér...“

Páll Óskar Hjálmtýsson

# Eldborg



Stóri tónleiksalurinn í Hörpu tekur alla jafna 1550 gesti í sæti en þeim má fjölga í allt að 1800 þegar kórsvæðið er fullnýtt. Hljómhönnun var í höndum hins heimsþekhta ráðgjafafyrirtækis Artec og má gera ráð fyrir að salurinn bjóði upp á hljómgæði sem standast samanburð við bestu tónleikasali heims.

Aðalgólfid rúmar 750 manns þegar hljóm-sveitargryfjan er lokuð og þar eru öll sæti mjög góð. Þessi sæti, ásamt fremri röðum á 1. og 2. svölum, eru **svæði 1**. Á hliðarstalli og hluta fyrstu hliðarsvala eru sætin breiðari og aðgengi sérlega þægilegt. Þetta er **svæði 1+**. Á 1. og 2. svölum er **svæði 2**, en öftustu raðir á 2. og 3. svölum eru **svæði 3**. Á 3. svölum og kórsvæði bak við hljómsveitina eru svo ódýrustu sætin, **svæði 4**.

Athugið að sætaskipan má breyta nokkuð eftir þörfum hverju sinni. Raðir 1-3 á aðalgólfi eru til dæmis fjarlægðar þegar hljómsveitargryfjan er í notkun og kórseti verða einungis notuð við sérstök tækifæri. Einnig má loka efstu svölum þegar þeirra er ekki þörf.

## VERÐ Á VORDAGSKRÁ

Svæði	Almennt	Kaufmann	Páll Óskar
1	4.700,-	8.900,-	5.700,-
1+	6.500,-	10.900,-	7.500,-
2	3.900,-	6.900,-	4.900,-
3	2.900,-	5.900,-	3.900,-
4	2.000,-	4.900,-	3.000,-

## MIÐASALA

Fram að opnun Hörpu:  
Geysishúsi, Aðalstræti 2  
Sími: 528 5050  
Opið 12-18 virka daga

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)  
[www.harpa.is](http://www.harpa.is)

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

## VORDAGSKRÁ 2011

.....  
Mið. 04.05. » 20:00

Fim. 05.05. » 20:00

Opnunartónleikar í Hörpu

.....  
Lau. 21.05. » 17:00

Jonas Kaufmann á Listahátíð

.....  
Lau. 28.05. » 17:00

Mahler-veisla

.....  
Mið. 01.06. » 20:00

Ég veit þú kemur

.....  
Fim. 09.06. » 20:00

Fös. 10.06. » 20:00

Lau. 11.06. » 20:00

Páll Óskar og Sinfó



JÓNSSON & LEHMANN • J.Í.Í.S. • SÍA

BAKHJARLAR

BORGUN



Morgunblaðið

Miðasala » [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) » [www.harpa.is](http://www.harpa.is) » 528 5050